

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Garðabrautar 2 og Jaðarsbrautar 23-25, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 11. júní 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Garðabrautar 2 og Jaðarsbrautar 23-25, Akranesi.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Garðabraut og felst í að lóðin verði stækkuð í átt að Garðabraut og skilgreind fyrir blandaða landnotkun þ.e. verslunar- og þjónustulóð og íbúðalóð, í stað verslunar- og þjónustulóðar.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 3. apríl til og með 2. maí 2002.

Athugasemdafrestur var til 15. maí 2002.

Engar athugasemdir bárust.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

Akranesi, 15. júlí 2002.

Skúli Lýðsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.